Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa

HK
R-17040179
Bréfalykill: 120
28. apríl 2017

# Opin fjármál Reykjavíkurborgar

## Notkunarleiðbeiningar / upplýsingar um gagnaskrá

### Um samtæðu Reykjavíkurborgar

Samstæða Reykjavíkurborgar skiptist í A-hluta og B-hluta. A-hluti samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði. Rekstur A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Í Aðalsjóði fer fram rekstur grunnskóla, leikskóla, frístunda- og íþróttamála, velferðarmála, skipulags- og byggingarmála auk menningar- og ferðamála. Í Bílastæðasjóði fer fram rekstur bílastæða og bílastæðahúsa. Í Eignasjóði fer fram rekstur eigna og gatnamannvirkja. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er færð til tekna í Eignasjóði og gjalda í Aðalsjóði.

Til B-hluta teljast fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar, þ.e. Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótta- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Gögn vegna B-hluta eru ekki birt í gagnaskrám um opin fjármál Reykjavíkurborgar.

### Opin fjármál Reykjavíkurborgar

Opin fjármál Reykjavíkurborgar birta ársuppgjör A-hluta Reykjavíkurborgar. Gögnin eru sundurliðað á sjóði, skipulagseiningar og tegundaflokkun tekna og útgjalda. Gögnin eru sundurliðuð á ársfjórðunga. Útgjöld eru sundurliðuð á birgja, nema í þeim tilvikum að um viðkvæmar persónuupplýsingar sé að ræða sem varða t.d. velferðarþjónustu gagnvart einstaklingum.

### Nánari upplýsingar um eigindi í gagnaskrá opinna fjármála

**Gagnaskrá:** Skráin er birt sem CSV gagnaskrá. Skána er hægt að opna sem excelskjal, textaskjal eða með öðrum völdum hugbúnaði.

**Tímabil gagnaskrár:**

| Eigindi | Lýsing | Skýringar |
|---|---|---|
| AR | Ár | Hver gagnaskrá er tekin saman fyrir eitt ár. |
| AR_FJORDUNGUR | Númer ársfjórðungs | Gögnin eru tekin saman á ársfjórðunga.<br>1: janúar - mars;<br>2: apríl - júní;<br>3: júlí - september;<br>4: október - desember. |

**Sjóðir:**

| Eigindi | Lýsing | Skýringar |
|---|---|---|
| FYRIRTAEKI | Skammstöfun sjóðs | Gagnaskráin inni heldur gögn fyrir þrjá sjóði. Aðalsjóður er merktur "RK". Eignasjóður er merktur "ES". Bílastæðasjóður er merktur "BS". |
| XFYRIRTAEKI | Nafn sjóðs | Aðalsjóður (RK) fær skráninguna "Reykjavíkurborg".<br>Eignasjóður (ES) fær skráninguna "Eignasjóður Reykjavíkurborgar".<br>Bílastæðasjóður (BS) fær skráninguna "Bílastæðasjóður". |

**Tegundaflokkun tekna og útgjalda:**

| Eigindi | Lýsing | Skýringar |
|---|---|---|
| TGR1 | Númer | Númer tegundaflokkunar í 1. þrepi. Samandreginn yfirflokkur. |
| XTGR1 | Heiti | Heiti tegundaflokkunar í 1. þrepi. |
| TGR2 | Númer | Númer tegundaflokkunar í 2. þrepi. Samandreginn milliflokkur. |
| XTGR2 | Heiti | Heiti tegundaflokkunar í 2. þrepi. |
| TGR3 | Númer | Númer tegundaflokkunar í 3. þrepi. Mesta sundurliðunin. |
| XTGR3 | Heiti | Heiti tegundaflokkunar í 3. þrepi. |
| TSUNDL | Númer | Númer rekstrarflokkunar. Samantekt yfirflokka. |
| XTSUNDL | Heiti | Heiti rekstrarflokkunar. |

**Fjárfestingar:**

| Eigindi | Lýsing | Skýringar |
|---|---|---|
| FJARFESTING | Merking ef tekjur/útgjöld tilheyra fjárfestingarlið. | Hluti gagna Eignasjóðs (ES) er vegna fjárfestinga sem fá merkinguna "JÁ" ef við á. Gagnalínur sem bera ekki þessa merkingu varða tekjur og útgjöld í rekstri. |

**Skipulagseiningar:**

Skipulagseiningar Reykjavíkurborgar eru flokkaðar annars vegar í rekstrareiningar og hins vegar í þjónustuþætti. Öll fagsvið í Aðalsjóði (RK) eru birt á grundvelli rekstrareininga nema velferðarsvið sem er birt á grundvelli þjónustuþátta. Ef eyða er í reit fyrir skipulagseiningu er viðkomandi svið ekki að nota viðkomandi þrep til flokkunar í rekstri.

| Eigindi | Lýsing | Skýringar |
|---|---|---|
| EINING1 | Númer | Númer skipulagseiningar í 1. þrepi. Lægsta flokkunareining. Athugið að hluti eininga ber forskeytið 0, sem birtist ekki ef skráin er opnuð beint í excel. |
| XEINING1 | Heiti | Heiti skipulagseiningar í 1. þrepi. |
| EINING2 | Númer | Númer skipulagseiningar í 2. þrepi. Næst lægsta flokkunareining. |
| XEINING2 | Heiti | Heiti skipulagseiningar í 2. þrepi. |
| EINING3 | Númer | Númer skipulagseiningar í 3. þrepi. |
| XEINING3 | Heiti | Heiti skipulagseiningar í 3. þrepi. |
| EINING4 | Númer | Númer skipulagseiningar í 4. þrepi. Varðar oftast tiltekinn þjónustuþátt. |
| XEINING4 | Heiti | Heiti skipulagseiningar í 4. þrepi. |
| EINING5 | Númer | Númer skipulagseiningar í 5. þrepi. Efsta flokkunarstig. Varðar svið. |
| XEINING5 | Heiti | Heiti skipulagseiningar í 5. þrepi. |
| ÞJON1 | Númer | Númer þjónustuþáttar í 1. þrepi. Lægsta flokkunareining. |

| | | |
|---|---|---|
| XÞJON1 | Heiti | Heiti þjónustuþáttar í 1. þrepi. |
| ÞJON2 | Númer | Númer þjónustuþáttar í 2. þrepi. Milliflokkur. |
| XÞJON2 | Heiti | Heiti þjónustuþáttar í 2. þrepi. |
| ÞJON3 | Númer | Númer þjónustuþáttar í 3. þrepi. Efsta flokkunareining. |
| XÞJON3 | Heiti | Heiti þjónustuþáttar í 3. þrepi. |

**Birgjar:**

| **Eigindi** | **Lýsing** | **Skýringar** |
|---|---|---|
| VM_NUMER | Númer | Númer birgja í viðskiptamannabókhaldi Reykjavíkurborgar |
| XVM_NUMER | Heiti | Heiti birgja samkvæmt viðskiptamannabókhaldi Reykjavíkurborgar. |

**Fjárhæð:**

| **Eigindi** | **Lýsing** | **Skýringar** |
|---|---|---|
| RAUN | Fjárhæð | Upphæð tekna/útgjalda á viðkomandi tímabili, skipulagseiningu, tegundaflokkun tekna eða útgjalda og birgja.<br>Tekjur (kreditfærslur) færast í neikvæðu forskeyti (-). Útgjöld (debet færslur) færast með jákvæðu forskeyti ( ). |